



Sameining samþykkt á Austurlandi

26.10.2019 -

Íbúar fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi; Borgarfirði eystra, Djúpvogi, Fljótshálsa og Seyðisfirði samþykktu sameiningu í dag. Sameinað sveitarfélag verður það stærsta á landinu að flatarmáli.

64,7% kjósenda í Borgarfjarðarhreppi samþykktu sameiningu, en 25% voru andvígir henni. Auðir og ógildir seðlar voru rúmlega 10%.

Á Djúpvogi greiddu 63,7% kjósenda með sameiningu og 35,5% gegn henni. 0,8% atkvæðaseðla voru auðir eða ógildir.

Nærri 87% kjósenda á Seyðisfirði voru hlyntir sameiningu, 12,5% voru andvígir og auðir eða ógildir kjörseðlar voru innan við 1%.

Á Fljótshálsa var sameining samþykkt með nærri 93% greiddra atkvæða. Rúmlega 6% voru andvíg og auðir og ógildir seðlar voru ríflega 1%.